

Háskóli Íslands
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2012
HI11120070/50.1.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003

Vísindanefnd Háskóla Íslands gerir athugasemdir við tvö atriði í ofangreindu frumvarpi.

1) Í 4. gr (*Fagráð Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs*) segir:

„Fagráð metur umsóknir út frá vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.“

Bent er á að í þessu orðlagi fellst áherslubreyting frá fyrri lögum en þar segir

„Fagráð metur umsóknir út frá færni umsækjenda til að framkvæma verkið og aðstöðu þeirra til þess. Jafnframt skal lagt mat á vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða eða líkur á skráningu einkaleyfis eða hugverkaréttinda eftir því sem við á.“

Breyting í áherslum fellst í því að nú er lögð meiri áhersla á vísindalegt gildi verkefnis en færni umsækjenda.

Vísindanefnd telur ákaflega mikilvægt að mat á umsóknum byggji einkum á færni umsækjenda og getu hans til að birta niðurstöður rannsókna á viðurkenndum og ritrýndum vettvangi. Enn þann dag í dag liggur haugur af óbirtum rannsóknaniðurstöðum í skúffum og hirslum rannsóknastofnana út um allt land. Eins og allir vita þá nýtast slíkar niðurstöður takmarkað og er það slæm fjárfesting að leggja fé í rannsóknir sem ekki verða birtar.

Vísindanefnd leggur því til breytt orðalag:

„Fagráð metur umsóknir út frá færni umsækjenda og sannanlega getu til að birta rannsóknaniðurstöður á viðurkenndum vettvangi. Jafnframt skal lagt mat á vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið sem og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi“

2) Í nýrri grein er kemur í stað 10gr. (*Niðurstöður rannsókna*) segir:

„Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lög þessi, skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðanna í viðkomandi verki.“

Vísindanefnd er sammála þeirri stefnu að birta á vettvangi þar sem aðgangur er opin. Mikilvægt er þó að taka tillit til þess að ekki hafa öll tímarit ennþá opinn aðgang og á sumum sviðum eru engin opin eða ókeypis tímarit. Einnig er vert að benda á að ýmis virt tímarit hafa enn ekki opnað ókeypis aðgang. Strangar reglur um birtingar í tímaritum með opinn aðgang geta því torvaldað vísindamönnum að birta rit sín og jafnvel leitt til birtinga á lakari vettvangi en ella hefði orðið. Þá er mikilvægt að hafa í huga fjármögnun birtinga áður en reglur um birtingar í opnum tímaritum eru settar. Þannig er mikilvægt að kostnaður vegna birtinga dragist ekki af því takmarkaða fé sem nú er veitt til rannsókna.

Taka þarf tillit til þess að þessi þróun mun líklega taka allnokkur ár. Því leggur vísindanefnd til breytt orðalag:

„Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lög þessi, skulu birtar í ritrýndum tímaritum og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðanna í viðkomandi verki.“

Virðingarfyllt
f.h. vísindanefndar Háskóla Íslands

Guðrún Marteinsdóttir formaður